



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbautaskóli Suðurlands

GRÓÐ2GB03 - Garðblóm

Kennari: Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is)

Kennsluáætlun vorið 2025

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	9.1.2025	12:45 – 15:45	Inngangur. Sumarblóm.	
2	14.1.2025	9:00 – 12:00	Sumarblóm	
3	21.1.2025	9:00 – 12:00	Sumarblóm	Skil á verkefni 1.
4	28.1.2025	9:00 – 12:00	Sumarblóm	
5	5.2.2025		Ekki kennsla í garðblómum	
6	11.2.2025	9:00 – 12:00	Byrkningar og fjölæringar	Áfangapróf 1
7	18.2.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar	
8	25.2.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar	Skil á verkefni 2
9	3.3.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar	
10	10.3.2025	12:45 – 15:45	Fjölæringar	
11	18.3.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar	Áfangapróf 2
12	25.3.2025	12:45 – 15:45	Fjölæringar	
13	1.4.2025	9:00 – 12:00	Fjölæringar	Skil á verkefni 3
14	9.4.2025			
15	2.5.2025	9:00 – 12:00	Próf	Áfangapróf 3

Námsefni

- Garðblómabókin eftir Hólmfríði A. Sigurðardóttur, útgefin 2005.
- Fjölærar plöntur eftir Guðríði Helgadóttur, útgefin 2023.
- Ljósrit og annað efni frá kennara.



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Skipulag námskeiðs

Kennsla fer fram með fyrirlestrum og heimaverkefnum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Heimaverkefni: Allir nemendur vinna þrjú heimaverkefni. Ekki er tekið við heimaverkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

Námsmat

Nemendur vinna þrjú heimaverkefni sem hvert um sig gildir 5% í lokaeinkunn áfangans, alls 15%.

Skrifleg próf (þrjú áfangapróf) gilda samtals 80% í lokaeinkunn. Fyrri tvö áfangaprófin gilda 35% og síðasta prófið gildir 30%.

Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

Áfangalýsing

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
GRÓÐ2GB03 – Garðblóm	3 fein	2
Lýsing Farið yfir skilgreiningu á garðblómum og farið yfir helstu tegundir garðblóma: sumarblóm, lauk- og hnýðisjurtir og fjölærar skrautjurtir. Ítarlega fjallað um vísindaheiti einstakra plöntutegunda og ættanna sem þær tilheyra. Farið yfir ættir og ættkvíslir viðkomandi plöntuhópa og fjallað um sameiginleg einkenni skyldra tegunda. Fjallað um meðferð og notkun tegunda og lögð áhersla á að nýta eiginleika skyldra tegunda til að fjalla um stærri hópa í einu. Fjallað um fjölgunaraðferðir helstu tegunda. Farið yfir vaxtarskilyrði fjölærra plantna, sumarblóma og lauk- og hnýðisplantna og helstu útlitseinkenni viðkomandi		



tegunda, svo sem hæð, blómlit og blómgunartíma, birtu- og jarðvegskröfur og aðra eiginleika.

Forkröfur

Almennar forkröfur garðyrkjunáms.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu tegundum garðblóma sem þrífast við íslensk vaxtarskilyrði.
- Hvað einkennir mismunandi hópa garðblóma og hvað greinir þá frá öðrum plöntum.
- Hvernig plöntur eru flokkaðar eftir skyldleika.
- Vísindaheitum viðkomandi plöntutegunda.
- Hvernig hægt er að nýta sameiginlega eiginleika.
- Meðferð og notkun mismunandi hópa garðblóma.
- Hvaða aðferðir eru notaðar til fjölgunar garðblóma.
- Vaxtarskilyrðum mismunandi plöntutegunda.
- Helstu útlitseinkennum og eiginleikum viðkomandi plöntutegunda.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Útskýra og miðla til annarra hvað einkennir garðblómategundir sem þrífast við íslensk skilyrði, metið með rökstuðningi.
- Sýna skilning á mikilvægi viðeigandi vaxtarstaða fyrir mismunandi tegundir garðblóma og hvernig val á vaxtarstað tryggir góðan ræktunarárangur, metið með verklagi og vinnuskipulagi.
- Ráðleggja öðrum um plöntuval miðað við umhverfisskilyrði á vaxtarstað, metið með rökstuðningi.
- Ráðleggja öðrum um plöntuval miðað við útlitseinkenni og aðra eiginleika plantna, metið með rökstuðningi.
- Útskýra og miðla til annarra hvaða aðferðir er hægt að nota til fjölgunar



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbautaskóli Suðurlands

Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Meta hvaða tegundir garðblóma eru líklegar til að þola íslenskt veðurfar. • Greina mismunandi hópa garðblóma til tegundar og ættar. • Flokka saman skyldar tegundir plantna út frá útlitseinkennum og eiginleikum. • Raða saman mismunandi tegundum garðblóma út frá vaxtarskilyrðum þeirra. • Greina viðhaldspörf fjölærra garðblóma. • Ákvarða hvaða aðferðir henta til fjölgunar mismunandi tegunda garðblóma. • Raða saman mismunandi tegundum garðblóma eftir útlitseinkennum og öðrum eiginleikum.	garðblóma, metið með kynningum og rökstuðningi. • Skipulagt plöntuval í garðblómabeðum og kynnt það fyrir öðrum, metið með kynningu.
Námsmat Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara) Nemendur fá lista yfir plöntutegundir sem þeir eiga að lesa um. Kennt er með fyrirlestrum og nemendur fylla út verkefnablöð í kennslustundum. Verkefni í skipulagningu beða.	
Tenging við grunnþætti Læsi: Nemendur læra að þekkja garðblóm í vinnumhverfi sínu og verð a því læsir á þarfir og þrif plantna. Sjálfbærni: Nemendur vinna með garðblóm og fjölgunaraðferðir þeirra og geta sjálfir séð um að rækta garðblóm. Heilbrigði og velferð: Nemendur læra um lækningaeiginleika ýmissa plantna og læra aðferðir til að viðhalda plöntum, sem krefjast útiveru og líkamlegrar áreynslu. Garðblóm hafa líka jákvæð áhrif á lýðheilsu. Sköpun: Sköpunargleði nemenda fær að njóta sín við skipulag á gróðurbeðum.	
Dags.: 13.6.2013 Höfundur: Guðríður Helgadóttir	

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Garðyrkjakólanum Reykjavík - FSu, 9. janúar 2025

Guðríður Helgadóttir